

Lokaskýrsla til Kvískerjasjóðs

GPS merki á helsingja

á Suðausturlandi

Kristín Hermannsdóttir

Lilja Jóhannesdóttir



NÁTTÚRUSTOFA
SUÐAUSTURLANDS

Litlubrú 2

780 Höfn í Hornafirði

12. janúar 2022

EFNISYFIRLIT

GPS merki á helsingja	2
Aðdragandi og framvinda verkefni	2
Aðferðir og niðurstöður	3
Kynningar niðurstaðna	5
Ráðstöfun styrks Kvískerjasjóðs	5
Kostnaður	5

GPS merki á helsingja

Styrkumsækjandi:	Náttúrustofa Suðausturlands
Kennitala umsækjenda:	440213-0490
Heimilisfang:	Litlubrú 2
Verkefnisstjóri:	Kristín Hermannsdóttir
Sími:	4708060
Netfang:	kristin@nattsa.is
Upphæð styrks:	510.000 kr
Samstarfsaðili:	Arnór Þórir Sigfússon hjá Verkís, Carl Mitchell hjá WWT í Bretlandi, Vatnajökulsþjóðgarður og sjálfboðaliðar.

Aðdragandi og framvinda verkefnis

Helsingjar hafa verpt á Suðausturlandi frá árinu 1988 en þá fundust fimm pör í varpi í hólma í Stemmu. Fyrir þann tíma hafði helsingi aðeins staldrað við á Íslandi og safnað orku fyrir áframhaldandi farflug á milli varpstöðva á Austur-Grænlandi og vetrarstöðva á Bretlandi. Á síðustu árum hefur varppörum fjölgað mikið og árið 2020 fundust 2403 hreiður á svæðinu. Fjöldinn sem nýtir svæðið sýnir að Suðausturland er orðið helsingjum mun mikilvægara en einungis viðkomustaður til skamms tíma. Um leið verður svæðið því mikilvægt rannsóknarsvæði hvað varðar helsingjann.

Árin 2017-2020 voru merktir rúmlega 900 helsingjar á Breiðamerkursandi og í Skaftárhreppi með fóthringjum úr plasti og stáli sem lesa má af með öflugum sjónaukum. Þetta hefur gefið mikilvægar upplýsingar um ferðir og dvalarstaði helsingjanna. Árið 2020 var bætt um betur þegar settir voru GPS/GSM sendar á fimm helsingja en með slíkum sendum fást miklu ítarlegri upplýsingar um ferðir og dvalarstaði þeirra. Sendarnir gefa nákvæmar upplýsingar hversu lengi hver einstaklingur dvelur á hverjum stað og hvert, og hvaða leið, hann fer þaðan. Þannig koma sendar upp um hvar farleiðir þeirra liggja, hvar þeir eyða vetrinum og auk þess með að skrásetja ferðir þeirra fást upplýsingar um hvernig gróðurlendi þær sækja á mismunandi tímum árs og hvert þær leita í náttstað. Helsingjar halda sig saman í hópum þar sem jafnvel fjölskylda kemur saman. Slíkt leiðir til þess að sendarnir gefa ekki einungis upplýsingar um einn fugl heldur getur gefið upplýsingar um hegðun fjölda fugla. Þó var talið mikilvægt að merkja fleiri fugla því einungis með upplýsingum um 5 fugla hefur komið í ljós að fuglarnir sýna mun meiri breytileika í farhegðun og vali á vetrarstöðvum en áður þekktist.

Fjármagn fyrir sendunum árið 2020 fékkst frá styrktaraðilum sem í skiptum fengu að velja nafn á viðkomandi helsingja. Eftirtaldir helsingjar voru þá merktir; *Guðmundur* í Skaftárhreppi, en *Stefanía*, *Eivör*, *Sæmundur* og *Guðrún* í Sveitarfélaginu Hornafirði.


Árið 2021 var sótt um styrk í *Kvískerjasjóð* fyrir tveimur sendum og var strax ráðgert að helsingjarnir sem merktir yrðu hlytu nafn eftir Kvískerjasystkinum. Beinast lá við að einn fengi nafn Hálfdáns, en hann fylgdist grannt með fuglalífi og var helsinginn engin undantekning. Lagt var til að síðari helsinginn fengi nafnið Guðrún eldri, til heiðurs næst elsta systkininu frá Kvískerjum.

Aðferðir og niðurstöður

Eftir að styrkur fékkst í tvo senda var farið um miðjan júlí í vettvangsferðir nærri Kvískerjum til að fanga og merkja helsingja. Vel tókst til og náðist í helsingjagassa nærri Kvískerjum sem fékk GPS hálsmerki og var kallaður Hálfdán. Í öðrum hópi á Breiðamerkursandi náðist í helsingjagæs sem hafði fengið litmerki tveimur árum fyrr sem sagði okkur að hún hefði nokkra lífsreynslu og því vænlegt til að fá GPS hálsmerki. Var þar komin Guðrún eldri.

Þegar fuglarnir voru komnir með merki um hálsinn og á fót var þeim sleppt og síðan er hægt að fylgjast með þeim á vef Verkís sem heldur utanum alla GPS merkta fugla. Sjá: <https://verkis.maps.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=0fa5bd4e6ed742e58a083820c6d94b8d>

Við merkingarnar er fuglunum smalað saman í rétt og merktir með litmerki og stálmerki á fæturna. Litmerkin í ár voru gul og appelsínugul. Það er frekar auðvelt að smala fuglum á þeim tíma sumarsins þegar þeir eru í sárum, en það er þegar þeir skipta þeir út gömlum flugfjöðrum fyrir nýjar. Sumarið 2021 voru fyrsta sinn fuglar merktir á Mýrum sem er talsvert austar en merkt hefur verið hingað til. Það verður spennandi að sjá hvort fuglar sem verpa austar sýni aðra hegðun en þeir sem eru vestar. Alls voru merktir um 625 helsingjar árið 2021 á öllu Suðausturlandi og verður áhugavert að sjá hvar þeir koma fram í vetur og næsta sumar.



Hér má sjá hvernig helsinginn Hálfdán ferðaðist fyrstu dagana eftir merkingu nærri Vattará, rétt vestan Kvískerja.



Elín Erla Káradóttir, sumarstarfsmaður Náttúrustofu Suðausturlands, með gassann Hálfmán sem nýbúinn var að fá staðsetningartæki. Glöggir taka eftir að hann fékk litmerkið O-HB (O fyrir appelsínugulan og HB fyrir Hálfmán Björnsson). Við vonum að Hálfmáni farnist vel í komandi ævintýrum. Mynd; NattSA 13.07.2021



Arnór Þórir Sigfússon með gæsina Guðrúnu eldri að nýlokinni ásetningu staðsetningarbúnaðs. Þau voru þó ekki að hittast í fyrsta sinn því hann merkti hana fyrir tveimur árum sem sagði okkur það að hún væri reynslubolti (búin að ná að lifa af í alla vega þrjú ár) og því vænlegt að setja á hana sendi. Sendirinn sem hún fékk var styrktur af Kvískerjasjóði en hún heitir einmitt í höfuðið á Guðrúnu eldri frá Kvískerjum. Mynd: NattSA 12.07.2021.

Kynningar niðurstaðna

Þegar helsingjar sumarsins höfðu verið merktir var sett frétt af vef Náttúrustofu Suðausturlands og einnig á fésbókar síðu stofunnar; <https://nattsa.is/helsingjamerkingar-2021-gaes-og-gassi-nefnd-i-hofud-kviskerjasystkina/>

Eins var fjallað um helsingja í fréttum RÚV í sumar [Nýklaktir ungar ganga og synda 17 km leið á 3 dögum | RÚV \(ruv.is\)](#)

Á næstu mánuðum og árum verður fylgst með helsingjum þegar þeir koma til landsins og hvar þeir halda sig og fréttir af ferðum merktu fuglana sett á vef og samfélagsmiðla.

Ráðstöfun styrks Kvískerjasjóðs

Styrkurinn frá Kvískerjasjóði árið 2021 stóð undir kostnaði við kaup á tveimur GPS sendum til að setja á tvo fullorðna fugla, í allt 510.000 kr.

Kostnaður


Kostnaðaráætlun var sett fram 2021 til að kaupa senda og stóðst áætlunin þannig að Kvískerjasjóður styrkti kaup á tveimur sendum um 100%. Farnar voru fjórar vettvangsferðir um miðjan júlí til að smala fuglum og merkja og var allur annar kostnaður við merkingar, akstur og vettvangsvinnu var greiddur af Náttúrustofu Suðausturlands og af öðrum samstarfsaðilum sem þeirra framlag til verkefnisins.

Eru allir hlutaðeigandi mjög þakklátir fyrir styrk til að kaupa tvo senda.

Með fyllstu vinsemd og virðingu,



Kristín Hermannsdóttir, forstöðumaður, Náttúrustofa Suðausturlands



Dr. Lilja Jóhannesdóttir, fuglavistfræðingur, Náttúrustofu Suðausturlands